



**81. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 15. apríl, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnáði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Boð á aðalfund Blöndu og Svartár.
2. Boð á fund í Veiðifélagi Laxár á Ásum.
3. Frá landbúnaðarnefnd Alþingis.
4. Fundargerð 712. fundar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga.
5. Erindi frá rafmagnsveitustjóra RARIK.
6. Erindi frá formanni Leikfélags Blönduóss.
7. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. **Boð á aðalfund Blöndu og Svartár.**  
*Aðalfundur Blöndu og Svartár verður haldinn í Húnaveri hinn 17. apríl nk. Hjördís Blöndal sækir fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.*
2. **Boð á fund í Veiðifélagi Laxár á Ásum.**  
*Boðað er til fundarins hinn 24. apríl nk. til umræðna um hugsanlegar breytingar á leigusamningi við Lax-á ehf. Ákveðið að Auðunn Sigurðsson og Valdimar Guðmannsson sækji fundinn fyrir hönd Blönduóssbæjar. Fundargerð Veiðifélagsins frá 26. mars sl. lögð fram til kynningar.*
3. **Frá landbúnaðarnefnd Alþingis.**  
*Fram lagt til kynningar frumvarp til jarðarlaga, 783. mál, heildarlög og frumvarp til ábúðarlaga, 782. mál.*
4. **Fundargerð 712. fundar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga.**  
*Fundargerðin frá 19. mars 2004 er lögð fram til kynningar.*
5. **Erindi frá rafmagnsveitustjóra RARIK.**  
*Í erindi rafmagnsveitustjóra, Tryggva P. Haraldssonar er óskað eftir viðræðum við fulltrúa Blönduóssbæjar um veiturekstur á Blönduósi og nágrenni. Fram kemur að auk rafdreifikerfa hafi RARIK með höndum rekstur hitaveitukerfa á Siglufirði, Dalabyggð, Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði. Hefur fyrirtækið áhuga á því að efla starfsemina enn frekar með aukinni hlutdeild í rekstri veitukerfa á landsbyggðinni.*

*Bæjarstjóra falið að koma á fundi við forsvarsmenn RARIK.*



## 6. Erindi frá formanni Leikfélags Blönduóss.

Í erindi formannsins er fjallað um að brýnt sé að vekja meiri athygli á menningarviðburðum og afþreyingu sem í boði er á Blönduósi og víðar í sýslunni. Tekur hún sem dæmi umfjöllun svæðisútvarpsins yfir páskana þar sem fjallað var um afþreyingarmöguleika á Norðurlandi en í þeirri umfjöllun var ekkert minnst á þá fjölmörgu viðburði sem í boði voru á t.a.m. á Blönduósi yfir hátíðarnar. Vonast hún til að stjórnendur bæjarfélagsins taki þetta til umfjöllunar og að reynt verði að bæta úr með markvissari markaðssetningu á svæðinu.

Bæjarráð tekur undir að mjög brýnt sé að vekja meiri athygli á þeirri afþreyingu og menningarviðburðum sem í boði eru. Blönduóssbær er t.a.m. styrktaraðili vefsíðunnar [northwest.is](http://northwest.is) og má bæta verulega úr umfjöllun á þeirri vefsíðu sem ætluð er til kynningar á svæðinu. Bæjarráð beinir erindi formanns Leikfélags Blönduóss hér með til Atvinnuþróunarfélags Norðurlands vestra og fer þess á leit við atvinnuráðgjafa svæðisins að unnin verði heildstæð kynningaráætlun í samráði við ferðaþjónustuaðila og þá aðila sem standa fyrir menningarviðburðum, afþreyingu og skemmtanahaldi. Kynningaráætlunin liggi fyrir innan mánaðar ásamt viðburðadagatali sem sent verði íbúum svæðisins sem og helstu fjölmiðlum landsins. Óskað er eftir að Haukur Suska Garðarsson, atvinnuráðgjafi mæti á næsta fund bæjarráðs og kynni það starf sem hann er að vinna í þágu atvinnu- og ferðamála fyrir svæðið.

## 7. Önnur mál.

**a. Vínveitingaleyfi.** Lögð fram umsókn um vínveitingaleyfi fyrir Veiðihús ehf vegna Hótel Blöndu fyrir tímabilið 1. júní til 31. ágúst 2004. Veiðihús ehf. er dótturfyrirtæki Lax-á ehf. sem rekið hefur Hótel Blöndu undanfarin sumur. Bæjarráð veitir jákvæða umsögn vegna leyfisins.

### b. Fjárhagslegar aðgerðir til lækunar rekstrarkostnaðar.

Lögð fram svohljóðandi bókun:

“Með vísan í samning Blönduóssbæjar og eftirlitsnefndar sveitarfélaga sem undirritaður var í júlí 2003 hefur sveitarfélagið skuldbundið sig til að beita aðgerðum sem skili 9 – 11 milljónum króna lækkun rekstrarútgjalda á ársgrundvelli og skulu þær komnar til framkvæmda að fullu haustið 2004.

Eins og ársreikningur Blönduóssbæjar fyrir árið 2003 ber með sér hefur rekstrarkostnaður lækkað frá árinu áður. Til að unnt sé að framfylgja ofangreindum samningi til hlítar er hins vegar ljóst að beita þarf frekari aðgerðum eigi rekstrarkostnaður að lækka frekar.

Hinn 16. desember sl. var samþykkt samhljóða í bæjarstjórn Blönduóssbæjar að leita leiða til að lækka rekstrarkostnað umtalsvert á árinu 2004. Bæjarráð leggur til eftirfarandi breytingar um fjárhagslegar aðgerðir bæjarstjórnar:



- Staða sviðsstjóra fræðslu-, félags- og menningarsviðs verði lögð niður. Bæjarstjóri verði yfirmaður "Fræðslu- og tómstundasviðs". Önnur verkefni sem tilheyru sviðsstjóra verði færð yfir á "Fjármála- og stjórnsýslusvið". Ráðið verði í eitt stöðugildi á skrifstofu.
- Íþróttamiðstöð verði færð undir rekstur grunnskóla. Starfsfólki íþróttamiðstöðvar verði sagt upp og endurráðið á nýjum forsendum.
- Stöðu forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar Skjólsins (75%) verði breytt í "Æskulýðs- og tómstundafulltrúa" (100%) og heyri undir grunnskóla.
- Verkefnum þjónustumiðstöðvar (áður áhaldahús) verði breytt þannig:
  - Þjónustumiðstöð taki að sér hafnarvörslu.
  - Starfsmenn þjónustumiðstöðvar komi að starfsemi Vinnuskólans í ríkari mæli.
  - Kannað verði með að starf slökkviliðsstjóra verði 50% og það flutt undir "Tækni- og framkvæmdasvið" í þjónustumiðstöð.
  - Bakvaktir slökkviliðs og þjónustumiðstöðvar verði sameinaðar.
  - Starfsfólki þjónustumiðstöðvar verði sagt upp og endurráðið á nýjum forsendum.

Áætlað er að aðgerðir þessar lækki rekstrarkostnað sveitarfélagsins á ársgrundvelli sem nemur um 8 milljónum króna.

Málinu er vísað til afgreiðslu í bæjarstjórn.

**Fundargerð upplesin og samþykkt.**  
**Fundi slitið kl. 19:25.**

Auðunn Steinn Sigurðsson (sign.)  
Hjördís Blöndal (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)